



Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Miðvikudagur, 31. mars kl. 12 á Zoom

Mættar: Helga Tr., Klara, Hidur, Gréta og Helga V.

1. mál. Dagsetning fyrir aðalfund er 12. maí kl. 15. Verður haldinn í Framvegis og á netinu.

Helga mun senda póst á félagsmenn og óska eftir fólki í uppstillingarnefnd.

Umræður um félagsgjöld og hugsanlegar lagabreytingar á 10. grein laga félagsins. Senda þarf tillögur amk. tveimur vikum fyrir aðalfund.

2. mál. Siðareglur eru tilbúnar, verða sendar út með fundarboði á aðalfund.

3. mál. Menntastefna. FNS tókst að koma að og halda inni kafla um náms- og starfsráðgjöf

4. mál. Umsagnarbeiðni frá Alþingi er varðar skólagöngu drengja, sendum ekki álit að svo stöddu nema einhver gefi sig fram af áhuga og með fagþekkingu á málinu.

5. mál. Verkferlar, þarf að klára þá vinnu fyrir stjórnarskipti

6. mál. SEF sumarnámskeið. Verður haldið 4. júní í Framvegis og á netinu ef óskað er eftir. Námskeiðið heitir Að auka vellíðan í lífi og starfi. Ingrid Kuhlman sér um námskeiðið.

Fundi slitið *klukkan 12:40*

Næsti fundur: 14. apríl kl. 12

Fundarritari:

Helga Valtýsdóttir

10. grein

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum **Spurning að setja inn hlutverk, t.d. skipa upp í hlutverk gjaldkera, ritara, upplýsinga/vefstjóra og varaformanns**. Við stjórnarkjör skal tryggt að ekki gangi fleiri en þrír úr stjórn í einu. Þegar formannsskipti verða er fráfarandi formaður ráðgefandi aðili fyrir stjórn fram til næstu



áramóta. Ekki er heimilt að sitja lengur í stjórn en 4 ár í senn. Hafi formaður setið í stjórn áður en hann er kjörin formaður getur hann setið í formannsembætti í 3 / 4 ár EÐA **Formaður getur setið í því embætti í 4 ár óháð fyrri stjórnarsetu.**